# Höldum við rétt á spöðunum?

## Staða og framtíð sveitarfélaga á Íslandi

Efnahagssvið, desember 2016

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Höldum við rétt á spöðunum?

**Staðan í dag: Sveitarfélögin mega muna fífil sinn fegri**

- Þrátt fyrir að tekjur íslenskra sveitarfélaga á hvern íbúa hafi á föstu verðlagi vaxið um fjórðung síðastliðin 14 ár samhliða efnahagslegum uppgangi hefur afkoma sveitarfélaga versnað. Útgjöld sveitarfélaga hafa aldrei verið meiri og var sameiginleg rekstrarniðurstaða þeirra neikvæð árið 2015. Þó afkoma stærstu sveitarfélaganna á fyrri árshelmingi þessa árs gefi tilefni til aukinnar bjartsýni má lítið út af bregða til að staðan breytist sviplega og gæti órói á vinnumarkaði og vaxandi launakostnaður snúið góðri stöðu.

- Fjárfestingar sveitarfélaga hafa dregist saman undanfarin ár og safnast hefur upp talsverð fjárfestingaþörf. Þó bjartsýni gæti í áætlunum stærstu sveitarfélaganna og áformaðar séu talsverðar fjárfestingar á komandi árum samhliða batnandi afkomu þá þarf verulegur viðsnúningur að verða á rekstri þeirra til að slík áform geti gengið eftir.

- Núverandi hagvaxtarskeið sem staðið hefur yfir í sex ár mun einn daginn enda taka. Verulegt áhyggjuefni er því hversu slök rekstrarafkoma sveitarfélaga er á þessum uppgangstíma þrátt fyrir að skattprósentur séu flestar í botni. Í ljósi alvarlegrar skuldastöðu er nauðsynlegt að sveitarfélögin dragi úr útgjöldum og búi í haginn fyrir erfiðari tíma.

**Fjármálareglur sveitarfélaga: Eru viðmiðin fullnægjandi?**

- Núgildandi fjármálareglur sveitarfélaga tóku gildi á árinu 2012. Er þeim tvískipt í jafnvægis- og skuldareglu, en þó er nánast ekkert fjallað um jafnvægisregluna og öll áherslan lögð á skuldareglu. Sautján stærstu sveitarfélögunum hefðu einungis í helmingi tilvika uppfyllt jafnvægisregluna frá árinu 2004 og fjögur uppfylla ekki enn skuldaregluna.

- Mikilvægt er að fjármálareglur séu einfaldar og gagnsæjar því þá verður eftirfylgnin meiri. Á það skortir í núgildandi fjármálareglum.

**Sveitarfélögin eru mörg og smá**

- Þrátt fyrir að mannfjöldi á Íslandi sé svipaður og í einum landshluta á Norðurlöndunum er fjöldi sveitarfélaga mjög álíkur. Sveitarstjórnarstigið er almennt öflugra hjá hinum Norðurlöndunum þar sem opinber grunnþjónusta er að mestu leyti í þeirra höndum. Sé vilji til að auka umfang sveitarstjórnarstigsins á Íslandi og færa verkefni í auknum mæli til sveitarfélaga þarf að efla þau og stækka.

SA

# Tillögur efnahagssviðs í skrefum

Erfið staða sveitarfélaga kallar á breytingar. Sveitarfélögin eru mörg og smá, í óbreyttri mynd hafa þau hvorki burði né getu til að taka við fleiri verkefnum frá ríkinu. Sé vilji til að efla sveitarfélögin þarf að ráðast í breytingar.

**Fyrsta skref: Sameining sveitarfélaga**

Lagt er til að sveitarfélögum verði fækkað úr 74 í 9 með sameiningum sveitarfélaga. Hagrænu áhrifin af sameiningu sveitarfélaga eru margvísleg. Sveitarfélögin verða sambærilegri að stærð sem gerir samanburð milli sveitarfélaga auðveldari. Auðveldari samanburður eykur aðhald við rekstur einstakra sveitarfélaga og dýpkar umræðu um stöðu þeirra. Með stærri og öflugri sveitarfélög skapast svigrúm til að lækka stjórnsýslukostnað á íbúa og auka skilvirkni. Hagræðing í rekstri býr til aukin tækifæri til að veita íbúum betri þjónustu eða þjónustu sem hefur áður ekki staðið til boða. Þá skapast tækifæri til að efla sveitarstjórnarstigið og færa fleiri stór verkefni frá ríki til sveitarfélaga og þar með færa þjónustuna nær íbúunum.

**Annað skref: Betrumbæta núgildandi fjármálareglu**

Lagt er til að í stað jafnvægisreglu verði innleidd útgjaldaregla. Útgjaldareglur ná til grunnforsendu hallareksturs, stuðla að jöfnun hagsveiflunnar, virkari forgangsröðun auk þess er útgjaldaregla einföld, gagnsæ og auðveld í eftirfylgni.

**Þriðja skref: Með stærri og öflugri sveitarfélög er unnt að færa fleiri verkefni yfir á sveitarstjórnarstigið**

Þegar fyrstu tvö skrefin hafa verið stigin er unnt að auka umfang sveitarstjórnarstigsins. Stærri og öflugri sveitarfélög eru betur í stakk búin til að auka gæði þjónustu sinnar við íbúa án frekari fjárútláta og taka á sig fleiri verkefni og þannig færa þjónustuna nær íbúum landsins.

# Sveitarfélögin á Íslandi eru 74 og eru þau mjög mismunandi í rekstri og umfangi

Þann 1. janúar 2016 voru Íslendingar 332.529 og hefur okkur fjölgað ört á undanförnum áratugum. Ríflega helmingur sveitarfélaga hafa færri en þúsund íbúa og þar búa einungis um 5% af Íslendingum.

Reykjavík er langstærsta sveitarfélagið með rúmlega 120 þúsund íbúa og býr því um það bil þriðji hver Íslendingur í höfuðborginni. Þegar allt höfuðborgarsvæðið er tekið saman búa tæplega tveir þriðju landsmanna þar. Helgafellssveit er fámennasta sveitarfélagið með 53 íbúa.

Þróun íbúafjölda skiptir miklu máli fyrir sveitarfélögin þar sem miklar breytingar geta haft afgerandi áhrif á þjónustu og rekstur þeirra. Þróun á milli landssvæða undanfarin ár einkennist af mikilli fjölgun á Suðvesturhorninu á meðan aðrir landshlutar hafa að mestu staðið í stað eða horft upp á hlutfallslega fólksfækkun.







Heimildir: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands

# Starfsemi sveitarfélaga á Íslandi er skipt í A- og B-hluta

Opinber stjórnsýsla á Íslandi samanstendur af ríki og sveitarfélögum þar sem umfang sveitarfélaganna er tæpur þriðjungur.

Starfsemi sveitarfélags fer fram á einu stjórnsýslustigi leiði annað ekki með beinum hætti af lögum og ber sveitarstjórn ábyrgð á ráðstöfun tekna sveitarsjóðs, forgangsröðun verkefna og þeim skuldbindingum sem sveitarsjóður gengst undir. Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélags.

- Til A-hluta telst aðalsjóður sveitarfélags auk annara sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
- Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Ólíkt fyrirtækjum hafa sveitarfélög ekki það markmið að hámarka hagnað hluthfafa. Markmið sveitarfélaga er að auka velferð og þjónustu íbúanna samfara því að skila góðum rekstrarárangri.

**Helstu verkefni A-hluta**

- Rekstur grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla
- Málefni fatlaðra
- Staðbundin félagsþjónusta
- Brunamál og almannavarnir
- Skipulags- og byggingarmál
- Umferðar- og samgöngumál
- Æskulýðs- og íþróttamál
- Hreinlætismál
- Menningarmál
- Sameiginlegur kostnaður

**Helstu verkefni B-hluta**

- Vatnsveita
- Rafveita
- Hitaveita
- Fráveita
- Sorphirða
- Hafnarsjóður
- Félagslegar íbúðir



Heimildir: Innanríkisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga

# Fjárflæði frá A-hluta til B-hluta er óhindrað

Rekstur B-hluta fyrirtækja getur verið afar ólíkur innbyrðis og það gefur óljósa mynd af heildarstöðu sveitarfélagsins þegar búið er að steypa þeim saman í einn samstæðureikning. Augljóst dæmi um slíkt er Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur. Eitt B-hluta fyrirtæki getur verið rekið með rekstrarafgangi en annað með halla en þau vega svo upp hvort annað á samstæðureikningi án þess að hægt sé að færa fjármuni á milli þeirra.

Ef B-hluta fyrirtæki stendur fjárhagslega höllum fæti getur A-hlutinn hlaupið undir bagga. Á hinn bóginn er takmörkum háð að flytja fjármuni frá B-hluta fyrirtækjum til A-hluta en þó geta B-hluta fyrirtæki t.d. greitt arð inn í A-hlutann. Best þekkta dæmið um slíkt má rekja til arðgreiðslna OR til Reykjavíkurborgar á árunum 2002-2010 sem voru greiddar út í þeim einum tilgangi að styðja við erfiðan rekstur borgarinnar þrátt fyrir að samanlögð afkoma OR hafi verið neikvæð á tímabilinu.






Miðvikudagur 10.10.2012 - 17:15 - Ummæli (15)

## Stjórnmálamenn mokuðu pening úr OR – „Ekki í neinu samhengi við arðsemi eða getu fyrirtækisins“

Skýrsla úttektarnefndar um Orkuveitu Reykjavíkur

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur tóku sér arð út úr fyrirtækinu sem er ekki í neinu samhengi við arðsemi fyrirtækisins eða getu þess til að greiða hann. Sterk rök má færa fyrir því að þessar arðgreiðslur hafi verið fjármagnaðar með lántökum í erlendri mynt. Með úttektum sínum juku eigendurnir enn frekar áhættu fyrirtækisins vegna skuldsetningar í erlendri mynt.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í úttektarskýrslu um Orkuveitu Reykjavíkur sem birt var nú fyrir stundu.

Í skýrslunni er meðal annars fjallað sérstaklega um arðgreiðslur OR til eigenda sinna, en Reykjavíkurborg er langstærsti eigandi fyrirtækisins. Orkuveitan hefur frá upphafi greitt eigendum sínum arð, en í skýrslunni er greint frá átökum á stjórnarfundi í nóvember 2003, þar sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu um lækkun arðgreiðslna í ljósi stöðu fyrirtækisins. Þeirri tillögu var vísað frá af stjórnarformanni, með vísan til sterkar stöðu OR.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Samanburður milli einstakra sveitarfélaga getur reynst erfiður og stundum villandi

Það er mjög mikilvægt fyrir sveitarfélögin að geta borið rekstur og fjárhagsstöðu sína saman við önnur sveitarfélög. Það getur hins vegar gefið skakka mynd þar sem sveitarfélögin eru mjög mismunandi í rekstri og umfangi.

Vissulega gefur samanburður sterkar vísbendingar en til þess að fá sem besta yfirsýn ættu sveitarfélögin að bera sig sérstaklega saman við þau sveitarfélög sem eru af svipaðri stærð og gerð. Það skiptir gjarnan miklu meira máli en samanburður við nágrannasveitarfélög.

**Staðan í dag: 74 sveitarfélög**



**Dæmi um mismun milli sveitarfélaga**

- Rekstrarkostnaður á hvern íbúa árið 2015 var um 2 milljónir í Fljótsdalshreppi (74 íbúar), rúm 1 milljón í Reykjavík (um 122 þúsund íbúar) og um 350 þúsund í Tjörneshreppi (60 íbúar).
- Heildarskuldir á hvern íbúa árið 2015 var tæplega 3 milljónir í Reykjanesbæ en um 400 þúsund á Seltjarnarnesi.
- Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á hvern íbúa var um 600 þúsund í Reykhólahreppi en rúmlega 20 þúsund í Kópavogi.
- Rekstrarkostnaður grunnskóla á hvern nemanda var um 1 milljón í Garðabæ en um 5,5 milljónir í Árneshreppi.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Höldum við rétt á spöðunum?

1. Staðan í dag: Sveitarfélög mega muna fífil sinn fegri
2. Fjármálaregla sveitarfélaga: Eru viðmiðin fullnægjandi?
3. Sveitarfélögin eru mörg og smá
4. Tillögur efnahagssviðs í þremur skrefum

SA
SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

# Tekjur sveitarfélaga á hvern íbúa hafa aukist um fjórðung frá árinu 2002

Útsvar, fasteignaskattur, greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustutekjur skipa tekjustofna sveitarfélaganna. Álagning útsvars og fasteignaskatts byggir á lögum um tekjustofna og tekur sveitarstjórn ákvörðun árlega um álagningarprósentur fyrir næsta fjárlagaár. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fara eftir reglum sjóðsins hverju sinni. Sveitarfélögin hafa nokkurt sjálfdæmi um þjónustugjöldin.

Tekjur sveitarfélaga jukust mikið að raungildi fram til ársins 2007 en drógust mikið saman í efnahagshruninu. Eftir aukningu síðustu ára nálgast tekjurnar óðfluga þær hæðir sem þær náðu fyrir hrun.

Langstærsti tekjustofn sveitarfélaga er útsvar eða um 58% af heildartekjum.

**Tekjur á hvern íbúa (málefni fatlaðra undanskilin)**

A-hluti á verðlagi ársins 2015 (þús.kr.)




**Hlutfallslega skipting A-hluta 2015**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Hámarksútsvar hefur tvöfaldast frá árinu 1993




- ✓ Á árinu 1993 var hámarksútsvar sveitarfélaga 7,5%.
- ✓ Árið 1996 hækkaði hámarsprósentan um 2,74% vegna yfirfærslu grunnskóla.
- ✓ Þá hækkaði hámarkið á ný 2011 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra.
- ✓ Hámarsútsvar í dag er 14,52% .

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Langflest sveitarfélög með útsvarsprósentuna í botni

Hámarksútsvar er nýtt í 77% sveitarfélaga árið 2016 en lágmarksútsvar í einungis 4% þeirra. Vegið meðaltal útsvarsprósentu allra sveitarfélaga er nánast í hámarki (14,45%). Frá árinu 1998 hefur hámarksútsvar verið nýtt í rúmlega 70% tilvika en lágmarksútsvar í tæplega 4%.

Af 17 fjölmennustu sveitarfélögunum hafa Hafnarfjörður, Akranes, Borgarbyggð, Skagafjörður og Árborg alltaf haft útsvarsprósentu sína í botni síðan 1998 en Garðbabær og Seltjarnarnes aldrei. Reykjanesbær fær undanþágu annað árið í röð til að leggja aukaálag á útsvar vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

**Útsvar sveitarfélaga 2016**

17 fjölmennustu sveitarfélögin




Heimildir: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga

# Fasteignaskattur er næststærsti tekjustofninn

- **A-skattur** er lagður á íbúðarhúsnæði og er hámarksálag 0,625% af fasteignamati.[1] Skattur á íbúðarhúsnæði er langsamlega stærsti tekjupóstur fasteignaskatta eða um 70%.
- **B-skattur** er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.
- **C-skattur** er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði sem ekki fellur undir A- eða B-skatt og er hámarksálag 1,65% af fasteignamati.[1]

Þróun húsnæðismarkaðar skiptir miklu máli fyrir fjárhag sveitarfélaga þar sem verðlag fasteigna hefur áhrif á tekjur þeirra af fasteignaskatti.

Árið 2016 var um helmingur sveitarfélaga með C-skattinn í botni og 12% með A-skattinn í botni.

**Fasteignaskattur sveitarfélaga 2016**
17 fjölmennustu sveitarfélögin




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

[1] Að teknu tilliti til aukaálagningar

# Níu sveitarfélög eru með alla skattstofna í botni




Ísafjarðarbær

Árneshreppur

Skútustaðarhreppur

Langanesbyggð

Þingeyjarsveit

Seyðisfjarðarkaupstaður

Breiðdalshreppur

Djúpavogshreppur

Skaftárhreppur

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Jöfnunarsjóður mikilvæg tekjulind fyrir smærri sveitarfélög

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru tryggðar fastar tekjur sem skiptast nær til jafns milli framlaga úr ríkissjóði og hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla og kostnaðar vegna málefna fatlaðra.

Sveitarfélögin fá mishátt framlag úr sjóðnum og er gríðarlegur munur á hversu mikilvæg framlög hans eru sveitarfélögum.

**Framlag Jöfnunarsjóðs 2015 á íbúa (þús.kr) og í hlutfalli við heildartekjur[1]**
hæstu framlögin ásamt framlögum til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu




Heimildir: Samband íslenskra sveitarfélaga, Innanríkisráuneytið

[1] Framlög til málefna fatlaðra undanskilin

# Útgjöld sveitarfélaga á hvern íbúa hafa ekki verið hærri

Samfara vaxandi tekjum hafa útgjöld að sama skapi aukist. Þrátt fyrir verulegan niðurskurð útgjalda á föstu verðlagi eftir 2008 eru útgjöld sveitarfélaga meiri en þegar best lét á þensluárunum 2005-2007.

Útgjöld sveitarfélaga jukust árið 2011 samfara yfirfærslu á málefnum fatlaðra en leiðrétt hefur verið fyrir því hér að neðan til að auðvelda samanburð milli ára .

Gjöld sveitarfélaga hafa þokast hratt upp á við undanfarin ár sem að miklu leyti má rekja til kostnaðarsamra kjarasamninga. Útgjöldin hafa vaxið hraðar en tekjurnar síðustu ár og hafa gjöld á hvern íbúa aldrei verið hærri.

**Gjöld á hvern íbúa (málefni fatlaðra undanskilin)**
A-hluti á verðlagi ársins 2015 (þús.kr.)




**Hlutfallsleg skipting A-hluta 2015**




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Þrátt fyrir mikinn efnahagslegan uppgang hefur afkoma sveitarfélaga versnað

Rekstrarafkoma sveitarfélaga hefur á undanförnum árum verið mjög sveiflukennd. Árin 2007 og 2008 voru að mörgu leyti sérstök í rekstri og afkomu, hvort á sinn hátt, vegna sölu á hlutum í Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja árið 2007 annars vegar og hins vegar vegna gengisfalls krónunnar og samdráttar tekjustofna árið 2008.

Undanfarin 14 ár hefur afkoma sveitarfélaga ekki verið góð. Hafi verið afgangur af rekstri hefur hann verið það lítill að ekki hefði mátt mikið út af bregða til að hann yrði neikvæður. Þá er áhyggjuefni að þrátt fyrir verulegan uppgang í hagkerfinu frá árinu 2011 þá hefur afkoman einungis verið jákvæð á tveimur árum.

**Rekstrarafkoma sveitarfélaga**[1]

A- og B-hluti á föstu verðlagi ársins 2015




**Hagvöxtur (%)**




Heimildir: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga

[1]Niðurstaða að frádregnum óreglulegum liðum

# Áskoranir framundan hjá sveitarfélögunum, höfrungarhlaup í kjaramálum heldur áfram

Ljóst er að slæm afkoma sveitarfélaga gerir svigrúm þeirra til launahækkana sífellt minna. Um þessar mundir ríkir mikil óvissa á vinnumarkaði í kjölfar þessa að frumvarp um jöfnun lífeyrisréttinda á vinnumarkaði varð ekki að lögum áður en þingi var slitið fyrir Alþingiskosningar. Ákvörðun kjararáðs um launahækkanir þingmanna bættu olíu á eldinn.

Kennarar setja fram kröfur um að laun þeirra hækki meira en gert er ráð fyrir í kjarasamningum.

Þriðjungur starfsmanna sveitarfélaga eru kennarar og því hefur niðurstaða kjarasamninga þeirra mikil áhrif á rekstur sveitarfélaga. Nú fara ríflega 60% af tekjum sveitarfélaga í að greiða laun starfsmanna.



**Kennarar sætta sig við 600-700 þúsund krónur í mánaðarlaun**

Innlent | mbl | 4.11.2016 | 13:51

**Mikill þrýstingur frá kennurum**

**Nýr samningur mætir ekki kröfum kennara**

INNLENT | 07:00 | 01. DESEMBER 2016

Vöfflukaffi hjá ríkissáttasemjara að lokinni undirritun kjarasamningsins í fyrradag. VÍSIR/STEFÁN

INGIBJÖRG BÁRA SVEINSDÓTTIR SKRIFAR

Trúnaðarmenn kennara voru áhyggjufullir þegar þeim var kynntur nýr kjarasamningur á fundi með Félagi grunnskólakennara í gærmorgun. Þetta segir Ragnar Þór Pétursson, kennari í Norðlingaskóla og trúnaðarmaður kennara þar.

„Ég get ekki séð að menn séu miklu rórri en þeir voru fyrir. Þeir eru að reyna að sjá hver munurinn er á þessum samningi og þeim sem felldir voru tvisvar. Munurinn virðist óverulegur að öðru leyti en því að þessi samningur er til eins árs en hinn var fram á vor 2019."

Innlent | Morgunblaðið | 1.12.2016 | 5:30

**Kjarasamningurinn stór biti fyrir sveitarfélögin**

Í skólanum er skemmtilegt að vera. *mbl.is/Eggert Jóhannesson*

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir nýjan samning sambandsins við Félag grunnskólakennara vera stóran bita fyrir mörg sveitarfélög.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, sagði í viðtali við fréttavefinn Eyjar.net í gær að kjarasamningurinn fæli í sér „hátt í 50 milljóna kostnaðarauka" fyrir sveitarfélagið en í fjárhagsáætlunum var gert ráð fyrir 40 milljóna rekstrarafgangi. Því sé ljóst að aðgerða sé þörf til að koma til móts við aukin útgjöld.

Morgunblaðið

Tengdar fréttir

**Hlutfall stöðugilda hjá sveitarfélögum**
1. apríl 2016




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Viðsnúningur á rekstri stærstu sveitarfélaga getur hæglega þurrkast út vegna kostnaðar-samra kjarasamninga

Þrátt fyrir að rekstrarafkoma A-hluta Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar fyrir 2016 stefni í að vera betri en fjárhagsáætlanir gerðu ráð fyrir eru ósamþykktir kjarasamningar kennara kostnaðarsamir og gætu hæglega þurrkað út þann viðsnúning sem verið hefur. Gróflega má áætla að kjarasamningarnir feli í sér 11% hækkun á næsta ári og að kostnaðarmat samninganna sé í kringum 3,5 ma.kr. fyrir sveitarfélögin í heild, er þá búið að leiðrétta fyrir áætluðum launahækkunum á almennum vinnumarkaði.

**Rekstrarafkoma A-hluta stærstu sveitarfélaga**
fjárhagsáætlun 2016 (m.kr.)




**Kostnaðaráhrif ósamþykkts kjarasamnings kennara (m.kr.)**
á ársgrundvelli, miðað við umframhækkun kennara í samanburði við almenna vinnumarkaðinn[1]




[1] Byggt á áætlun efnahagssviðs miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir

Heimildir: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga, útreikningar efnahagssviðs

# Ríflega 60% af tekjum sveitarfélaga renna í launakostnað og fer það hlutfall hækkandi

Launakostnaður vegur þungt í rekstri sveitarfélaga og nam 61% af rekstrartekjum þeirra árið 2015. Hlutfallið hafði ekki verið hærra síðan árið 2002 og í ljósi mikilla launahækkana sem af er ári mun það líklega verða enn hærra á árinu sem er að líða.







Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Mikill launakostnaður er áhyggjuefni fyrir stærstu sveitarfélögin

Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu mikið árið 2015 vegna hækkunar launa samkvæmt kjarasamningum. Lífeyrisskuldbindingar Reykjavíkurborgar hækkuðu umtalsvert annars vegar vegna launahækkananna og hins vegar vegna breyttra forsenda um útreikning á lífslíkum. Í stað þess að meta lífslíkur út frá reynslu undangenginna ára, horfir hin nýja aðferð fram á við og spáir fyrir um lífslíkur til næstu áratuga. Hún hefur í för með sér að metnar lífslíkur hækka verulega við þetta nýja mat og skuldbindingarnar þar með. Í heild hækkuðu lífeyrisskuldbindingar Reykjavíkurborgar um 14,6 ma.kr. vegna A-hluta árið 2015 . Í öllum öðrum sveitarfélögum á Íslandi hækkuðu lífeyrisskuldbindingar samtals um 5,3 ma.kr.

**Laun, launatengd gjöld og breytingar á lífeyrisskuldbindingum í hlutfalli af rekstrartekjum**

A-hluti 12 fjölmennustu sveitarfélaga 2015




**Er dulinn launakostnaður til staðar?**

Flest sveitarfélög frestuðu upptöku þessarar nýju aðferðafræði við útreikning á lífslíkum og ekki er ljóst hvenær hún verður tekin upp. Reykjavík var eina sveitarfélagið sem beitti þessari nýju aðferð og fyrir vikið jókst lífeyrisskuldbinding borgarinnar um 6,5 ma.kr. umfram það sem annars hefði orðið. Önnur sveitarfélög eiga þá von á enn frekari hækkun lífeyrisskuldbindinga á komandi árum.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Stöðugildum hefur fjölgað og eru þau fleiri á íbúa í fámennari sveitarfélögunum

Frá 2010-2016 fjölgaði stöðugildum sveitarfélaganna um 8,2% en íbúum landsins fjölgaði á sama tíma um 4,6%. Skýringin liggur meðal annars í færslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga, að mestu leyti vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Mörg fámennari sveitarfélög nýta sér samstarf við stærri nágrannasveitarfélög þegar kemur að vissum þjónustuþáttum. Er þá samið um að stærri sveitarfélögin taki að sér þjónustuþætti fyrir minni sveitarfélög gegn greiðslu. Slík úthýsing minnkar starfsmannafjölda hjá viðkomandi sveitarfélagi og útskýrir fáa starfsmenn hjá minni sveitarfélögum, jafnvel í hlutfalli við íbúa.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

# Bjartsýnar áætlanir sveitarfélaga þrátt fyrir lækkandi framlegð og mikla fjárfestingaþörf

Margvíslegar fjárfestingar í bæði uppbyggingu og viðhaldi eru sveitarfélögum nauðsynlegar. Slíkum fjárútlátum verður ekki komist undan og er niðurskurður þeirra í flestum tilvikum einungis frestun á útgjöldum. Undanfarin ár hafa fjárfestingar sveitarfélaga verið í lágmarki og hefur þörf fyrir fjárfestingar því aukist. Slíkt frestun er ekki möguleg til lengri tíma og því brýnt að forðast áframhaldandi stöðnun og samdrátt í fjárfestingum.

Svigrúm sveitarfélaga til að bregðast við þessari stöðu er misjafnt en mörg þeirra eru bæði mjög skuldsett og með skatta og gjöld í botni og hafa því lítið svigrúm til að auka fjárfestingar sínar.

Þrátt fyrir að framlegð af rekstri sveitarfélaga hafi minnkað, m.a. vegna aukins launakostnaðar, þá virðast stærstu sveitarfélögin vera nokkuð bjartsýn um framhaldið og áforma töluverðar fjárfestingar á næstu árum. Verulegan viðsnúning þarf hins vegar í rekstri til að skapa slíkt svigrúm.

**Fjárfestingar og framlegð sveitarfélaga í hlutfalli af tekjum**




**Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum í hlutfalli af tekjum**
meðaltal, fjárhagsáætlanir 2017-2019




Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs

# Skuldir sveitarfélaga eru miklar og afgang þarf af rekstri til að lækka þær

Heildarskuldir A-hluta sveitarfélaga hafa hækkað umtalsvert á undanförnum árum samfara slakri afkomu sveitarfélaga. Lítið svigrúm hefur því skapast til niðurgreiðslu skulda.

B-hluta skuldir sveitarfélaga hafa aftur á móti lækkað og eru í dag um helmingur af heildarskuldum sveitarfélaga.

Skuldahlutfall A- og B-hluta allra sveitarfélaga er samtals 171% árið 2015

**Þróun skulda og skuldbindinga sveitarfélaga (ma. kr.)**
A- og B-hluti á föstu verðlagi ársins 2015




**Skuldahlutföll A- og B-hluta sveitarfélaga**
12 fjölmennustu sveitarfélögin




Heimildir: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga

# Sveitarfélögin mega muna fífil sinn fegri






# Höldum við rétt á spöðunum?

1. Staðan í dag: Sveitarfélög mega muna fífil sinn fegri
2. Fjármálaregla sveitarfélaga: Eru viðmiðin fullnægjandi?
3. Sveitarfélögin eru mörg og smá
4. Tillögur efnahagssviðs í þremur skrefum

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Lög um opinber fjármál stuðla að bættum samskiptum ríkis og sveitarfélaga...

Þann 1. janúar 2016 tóku í gildi lög um opinber fjármál. Markmið þeirra er meðal annars skarpari stefnumörkun í opinberum fjármálum til lengri og skemmri tíma, vandaður undirbúningur áætlana og lagasetninga, skilvirkari fjármálastjórn og virkara eftirlit.

Einn mikilvægasti þáttur laganna fyrir sveitarfélögin lýtur að samstarfi við ríkið. Það er ótvírætt hagur ríkis og sveitarfélaga að gott samstarf sé um stjórn efnahagsmála og að stöðugleiki og festa náist í stjórn opinberra fjármála. Lykilatriði er að samskiptin verði bæði öguð og formföst, að efldur verði gagnkvæmur skilningur á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig og að vinnubrögð í opinberri stjórnsýslu og áætlanagerð verði bætt.

Samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga er sérstaklega tekið fyrir í 11. grein laganna.

## Skilyrði fjármálastefnu og fjármálaáætlunar (7. gr.)

Markmið fjármálastefnu og fjármálaáætlunar um afkomu og efnahag hins opinbera, þ.e. A-hluta ríkissjóðs og **A-hluta sveitarfélaga**, skulu samræmast eftirfarandi skilyrðum:

1. Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir **2,5%** af landsframleiðslu.
2. Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, séu lægri en nemur **30%** af vergri landsframleiðslu.
3. Ef skuldahlutfall skv. 2. tölul. er hærra en **30%** skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. **5%** á hverju ári.

## Samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga (11. gr.)

Ráðherra skal tryggja **formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélög** um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. Undirbúningur að samningagerð við sveitarfélög fer fram í samráði við ráðherra sveitarstjórnarmála. Ráðherra skal við mótun fjármálaáætlunar leita samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaga, áður en áætlunin er lögð fyrir Alþingi, þar sem m.a. er fjallað um eftirfarandi þætti:

1. Markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga til næstu fimm ára, sundurliðað eftir árum.
2. Ráðstafanir til að tryggja að markmið um afkomu sveitarfélaga náist.
3. Fjármögnun opinberrar þjónustu og tekjur sveitarfélaga.
4. Verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Heimildir: Samband íslenskra sveitarfélaga, Innanríkisráðuneytið

# ...en of oft virðist vera sem ríki og sveitarfélög séu ekki í sama liði

Tortryggni hefur gætt hjá sveitarfélögunum í garð ríkisins undanfarin ár hvað varðar fjármálaleg samskipti en sveitarfélögin bera fyrir sig fjárskort. Þau skora reglulega á ríkisstjórnina að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga til að tryggja að þeir séu í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum eru falin.

Vonandi bæta nýju lögin um opinber fjármál samskiptin milli og ríkis og sveitarfélaga. Til að tryggja sem besta nýtingu á skattfé landsmanna og að þjónusta standi sem best undir væntingum landsmanna þarf að tryggja að verkefni séu leyst á því stjórnsýslustigi þar sem hagkvæmast er að reka þau, en jafnframt að tekjustofnar og fjárhagsleg ábyrgð fylgi verkefnum.






Borgin vann ríkið: Innanríkisráðherra skylt að loka þriðju flugbrautinni

Reykjavíkurflugvöllur. Mynd: DV

þýðingu skjals sem þáverandi innanríkisr... borgarstjóri, undirrituðu í október 2013. V... bindandi loforð af hálfu ríkisins um að loka... í sér loforð eða skuldbindandi samning.

Innanríkisráðherra verður að loka neyðarbrautinni eða borga milljón á dag

INNLENT | 14:29 | 22. MARS 2016

Dómur fallinn í máli Reykjavíkurborgar gegn ríkinu vegna lokunar minnstu flugbrautar Reykjavíkurflug...

BJARKI ÁRMANNSSON OG AÐALSTEINN KJARTANSSON SKRIFA:

Loka á NA-SV braut Reykjavíkurflugvallar innan sextán vikna og endurskoða skip... fyrir flugvöllinn. Verði það ekki gert leggjast dagsektir upp á milljón krónur á ríki... niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í máli sem Reykjavíkurborg höfðaði á... innanríkisráðuneytinu.

Ósammála túlkun ríkisins

14.11.2014 - 13:23

Ættu sveitarfélögin að fá hlutdeild í VSK?

Föstudagur 11.09.2015 - 14:05 - Ummæli (9)

Borgin skapar ríkinu tekjur og ætti að fá sinn hlut í þeim

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, segir það sanngjarnt að sveitarfélögin fái aukinn hluta af skatttekjum ríkisins í sinn hlut. Ríkið hagnist meðal annars að á auknum vexti borgarinnar.

Þetta kemur fram í vikulegu fréttabréfi Dags, þar sem hann gerir fjárlögin meðal annars að umfjöllunarefni. Vekur það athygli hans að skatttekjur ríkisins aukist um 65 milljarða króna á sama tíma og sveitarfélög víðs vegar um landið séu í vandræðum vegna skorts á tekjustofnum.

Borgarráð skorar á ríkisstjórnina

Fimmtudagur, 8. október 2015

Borgarráð samþykkti á fundi sínum í dag að skora á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga til að tryggja að þeir séu í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögum eru falin. Áskorunin var samþykkt af öllum fulltrúum borgarráðs nema einum sem sat hjá við afgreiðsluna.

Ráðhús Reykjavíkur

Heimildir: Samband íslenskra sveitarfélaga, Innanríkisráðuneytið

# Fjármálareglur sveitarfélaga tóku gildi með nýjum sveitarstjórnarlögum

Þann 1. janúar 2012 tóku ný sveitarstjórnarlög gildi þar sem mun ítarlegri ákvæði var að finna um fjármál sveitarfélaga. Aukin áhersla var lögð á gagnsæi, jafnræði og samráð við íbúa en þær breytingar laganna sem vógu mest vörðuðu fjármál sveitarfélaga.

Til að ná markmiðum laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri skulu sveitarstjórnir nú tryggja að fjármálareglunum að neðan verði fylgt.

**Gömlu fjármálareglurnar voru mjög vægar**

Fjármálareglur hafa verið hertar umtalsvert og eftirlit skýrt og eflt með það að markmiði að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Þó ber að nefna að gömlu reglurnar fyrir sveitarfélögin voru mjög vægar í alþjóðlegum samanburði. Skuldaþak var ekkert og ákvæði um hallalausan rekstur var afar veikt og í raun ekki bindandi. Sveitarstjórnum bar einungis að „gæta þess svo sem kostur er" að heildarútgjöld fari ekki fram úr heildartekjum.

## Jafnvægisregla

**Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.**

Í því felst að samanlögð rekstrarniðurstaða samkvæmt ársreikningi fyrir næstliðið ár, áætluð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

## Skuldaregla

**Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.**

Draga má þrjá þætti frá heildarskuldum og skuldbindingum. Draga má frá núvirta leiguskuldbindingu frá ríkissjóði vegna hjúkrunarheimila og núvirtar lífeyrisskuldbindingar sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár eða síðar. Sé hreint veltufé jákvætt er einnig heimilt að draga það frá. Þessi frádráttur lýtur þó því skilyrði að hann komi fram í skýringum ársreikninga.

Heimild: Innanríkisráðuneytið

# Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga fylgist með fjármálareglunum

Þau sveitarfélög sem ekki náðu að uppfylla fjármálareglurnar þegar þær tóku gildi árið 2012 hafa 10 ár frá þeim tíma til þess að ná þeim. Sveitarfélögin sem voru yfir viðmiðunum luku öll við að gera áætlun um hvernig þau hyggðust ná þeim og var áhersla lögð á að takmarka lengd aðlögunartímans.

39 sveitarfélög stóðust ekki fjárhagsleg viðmið miðað við ársreikning 2011, 28 sveitarfélög stóðust ekki jafnvægisregluna og 21 sveitarfélag stóðst ekki skuldaregluna. Mörg þeirra náðu viðmiðunum fljótt og hafa lokið formlegri aðlögun.






Heimild: Innanríkisráðuneytið

# Skuldareglan er áberandi í umfjöllun fjölmiðla...



## Sveitarfélög skulda of mikið

29.05.2012 - 19:11 Innlent Bein slóð

Þrjú af fimm stærstu sveitarfélögunum uppfylla ekki skilyrð
sveitarstjórnarlaga um fjárhagsstöðu. Ekki hefur hins vegar
útfært hvernig eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga tekur

Í nýjum sveitarstjórnarlögum sem voru samþykkt í fyrra er k
um að skuldir aðalsjóðs og fyrirtækja sveitarfélags megi ekk
150 prósent af árstekjum sveitarfélaga, og að þau skili rekst
á hverju þriggja ára tímabili. Þegar hlutfall skulda af tekjum
hjá fimm stærstu sveitarfélögum landsins kemur í ljós að þr
uppfylla ekki fyrra skilyrðið.



## Skuldir sveitarfélaga lækki mikið á næstu árum

*Halldór Halldórsson segir skuldir OR hafa vegið þungt í skuldasöfnun sveitarfélaga.*

Ritstjórn ritstjorn@vb.is





## Þrettán sveitarfélög yfir leyfilegu skuldaviðmiði – Reykjanesbær skuldar ekki lengur mest

Fljótsdalshérað skuldar mest sveitarfélaga á landinu, sem hlutfall af tekjum.
Mynd: DV

Þrettán sveitarfélög eru yfir
skuldaviðmiði samkvæmt
sveitarstjórnarlögum, einu f
síðasta ári. Sveitarfélögin þ
meira en 150 prósent af reg
tekjum sínum. Reykjanesba
lengur það sveitarfélag sem
mest miðað við tekjur. Fljóts
hefur tekið efsta sætið.

Viðskiptablaðið greinir frá þ
sveitarstjórnarlög tóku gildi
samkvæmt þeim mega skul
sveitarfélaga ekki fara yfir 1
af tekjum þeirra. Sveitarfélög fengu tíu ára aðlögunartíma til að ná þessu markmiði. Af þeim þrettán sveitarfélögum sem eru nú yfir leyfilegur skuldaviðmiði eru þrjú nú á listanum, Bolungarvík, Ísafjarðarbær og Árborg. Skuldastaða Árborgar hefur versnað verulega milli ára en skuldir sveitarfélagsins jukust um 1,6 milljarða króna á milli áranna 2013 og 2014.



## 13 sveitarfélög skulda yfir 150% tekna

30.10.2015 - 07:53 Efnahagsmál · Innlent · Austurland · Norðurland · Suðurland · Vestfirðir · Vesturland · Sveitarfélög
Bein slóð

Þrettán sveitarfélög á landinu
skulda meira en 150% af reglu
sveitarfélaga jukust um 8% mi
við rekstur sveitarfélaga hefur
árið 2002.

Sveitarfélögum sem skulda of
þrettán. Viðskiptablaðið grein
eftirlitsnefndar með fjármálum



INNLENT 15. febrúar 2013 09:00

## Tuttugu sveitarfélög standa ekki undir skuldbindingum

*Í þeim tuttugu sveitarfélögum sem ekki ráða við skuldastöðu sína búa alls um 35.900 manns.*

Ritstjórn ritstjorn@vb.is

Ísafjarðarbær í Skutulsfirði Hörður Kristjánsson

# ... en minna fer fyrir umfjöllun um jafnvægisregluna.

Sýnileiki jafnvægisreglunnar er afar takmarkaður. Einungis er hægt að finna upplýsingar varðandi stöðu sveitarfélaga gagnvart jafnvægisreglunni í ársskýrslu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Þó er aðeins um að ræða þau sveitarfélög er ekki uppfylltu regluna þegar hún var sett á laggirnar árið 2012.

Upplýsingar og umfjöllun um sveitarfélög sem ekki uppfylla regluna er verulega ábótavant.




| | Jafnvægisregla | | Skuldahlutfall | Skuldaviðmið | Jafnvægisregla ár | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Reykjavíkurborg | Undansk. veitu- og orku | 216% | 92% | 2012 | Lokið |
| 2 | Sveitarfélagið Skagafjörður | | 143% | 135% | 2012 | Lokið |
| 3 | Hveragerðisbær | | 124% | 115% | 2012 | Lokið |
| 4 | Akraneskaupstaður | | 126% | 91% | 2012 | Lokið |
| 5 | Sveitarfélagið Vogar | | 93% | 80% | 2012 | Lokið 2014 |
| 6 | Mýrdalshreppur | | 90% | 75% | 2012 | Lokið |
| 7 | Fjallabyggð | | 88% | 65% | 2012 | Lokið |
| 8 | Strandabyggð | | 69% | 67% | 2012 | Lokið |
| 9 | Húnaþing vestra | | 60% | 40% | 2012 | Lokið |
| 10 | Reykhólahreppur | | 40% | 23% | 2012 | Lokið |
| 11 | Skútustaðahreppur | | 68% | 62% | 2012 | Lokið |
| 12 | Húnavatnshreppur | | 36% | 1% | 2012 | Lokið |
| 13 | Sveitarfélagið Garður | | 53% | 28% | 2015 | Lokið |
| 14 | Kaldrananeshreppur | Jákvæð peningaleg staða | 25% | -9% | 2012 | Lokið |
| 15 | Eyja- og Miklaholtshreppur | Jákvæð peningaleg staða | 7% | -42% | 2012 | Lokið |
| 16 | Helgafellssveit | | 139% | 14% | 2012 | Jafnvægisregla ekki uppfyllt |
| 17 | Árneshreppur | Jákvæð peningaleg staða | 3% | -58% | 2012 | Lokið |
| 18 | Akrahreppur | Jákvæð peningaleg staða | 20% | -47% | 2012 | Lokið 2014 |

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Heimildir: Innanríkisráðuneytið

# Stærstu sveitarfélögunum heftur almennt ekki gengið vel að uppfylla lágmarksviðmið

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sett fram lágmarksviðmið sem byggð eru á lágmarkskröfum vegna fjármálareglnanna. Þessi viðmið gefa vísbendingu um getu sveitarfélaga til að uppfylla jafnvægis- og skuldaregluna.

## Lágmarksviðmið

| Skuldahlutfall – nettó skuldir sem hlutfall af tekjum | 50% | 100% | 150% | 200% | 250% |
|---|---|---|---|---|---|
| Framlegð sem hlutfall af tekjum | 5,0% | 10,0% | 15,0% | 20,0% | 25,0% |
| Rekstrarniðurstaða | > 0 | > 0 | > 0 | > 0 | > 0 |
| Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum | 2,5% | 5,0% | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldb. | > 1,0 | > 1,0 | > 1,0 | > 1,0 | > 1,0 |
| Ný lántaka / fjárfesting sem hlutfall af skuldum | 5,0% | 5,0% | 5,0% | 5,0% | 5,0% |
| Endurgreiðslutími skulda | 20 ár | 20 ár | 20 ár | 20 ár | 20 ár |
| Veltufjárhlutfall | > 1,0 | > 1,0 | > 1,0 | > 1,0 | > 1,0 |
| Viðmið vaxta | 5,0 % | 5,0% | 5,0% | 5,0% | 5,0% |
| Aðlögunartími | | | | 10 ár | 10 ár |

**Hlutfall sveitarfélaga sem uppfylla ekki lágmarksviðmið**
A-hluti 2015




**Afar slök frammistaða:**

Hafnarfjörður og Reykjanesbær uppfylltu ekkert af fyrstu fimm lágmarksviðmiðunum í töflunni hér að ofan, þegar litið er til A-hluta, árið 2015.

**Slök frammistaða:**

Mosfellsbær, Skagafjörður, Árborg og Norðurþing eru þau stóru sveitarfélög er uppfylla aðeins eitt skilyrði.

**Sæmileg frammistaða:**

Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes og Akureyri uppfylla þrjú af þessum fimm skilyrðum.

**Afar góð frammistaða:**

Vestmannaeyjar, Hornafjörður, Akranes og Grindavík eru dæmi um sveitarfélög er uppfylla öll skilyrðin.

Heimildir: Innanríkisráðuneytið, útreikningar efnahagssviðs

# Framlegð sveitarfélaga er almennt slök og fer versnandi

Framlegð A-hluta bæjarsjóðs er það sem eftir stendur af rekstrartekjum þ.e. útsvari, fasteignagjöldum, framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ýmsum þjónustutekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins svo sem laun, vöru- og þjónustukaup. Framlegðin þarf því að duga fyrir öllu öðru s.s. afborgunum lána, vöxtum, fjárfestingum, nýframkvæmdum og afskriftum.

42% sveitarfélaga uppfylltu ekki lágmarksviðmið framlegðar A-hluta skv. viðmiðum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga árið 2015. Ef rýnt er í stærstu sveitarfélögin sést að einungis Vestmannaeyjar, Akranes, Borgarbyggð og Grindavík uppfylla þessi skilyrði.




Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Samband íslenskra sveitarfélaga

*Skv. lágmarksviðmiðum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

# Stærstu sveitarfélögin eiga erfitt með að uppfylla jafnvægisregluna ef miðað er við rauntölur

Jafnvægisreglan er óáþreifanlegri þar sem hún byggir á áætlunum og er því breytileg. Ef hins vegar gert er ráð fyrir að reglan byggist eingöngu á rauntölum má sjá að sveitarfélögin eiga gjarnan í erfiðleikum við að standast áætlanir.

Frá 2004 til árins 2014 (reglan tók gildi 2012) hefðu stærstu sveitarfélögin aðeins í um helmingi tilvika uppfyllt jafnvægisregluna. Þar af uppfyllti Garðabær regluna öll árin en Reykjanesbær aldrei.

**Jafnvægisregla:** Samanlögð útgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.[1]

[1] Byggist meðal annars á áætlunum sveitarfélaga

**Árangur stærstu sveitarfélaganna í að uppfylla jafnvægisreglu ef miðað er við rauntölur**

A- og B-hluti árin 2004-2014




Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga

# Umframkeyrsla regla fremur en undantekning

Umframkeyrsla rekstrarútgjalda stærstu sveitarfélaganna virðist regla fremur en undantekning. Hjá 7 stærstu sveitarfélögunum jukust rekstrarútgjöld og rekstartekjur umfram áætlanir í 93% tilvika á árunum 2011-2014.

Opinberar famkvæmdir, smáar sem stórar, flóknar sem einfaldar, standast ekki kostnaðaráætlanir í 70% tilvika. Ef það eru stærri verkefni, flóknari og umfangsmeiri, þá eru 90% líkur á framúrkeyrslu. Svo virðist vera sem aukin áhætta og vanmat á kostnaði sé fylgifiskur þess þegar eigin fjármunir eru ekki í húfi heldur fjármunir skattgreiðenda.

**Umframkeyrsla rekstrarútgjalda fjölmennustu sveitarfélaganna**
meðaltal áranna 2011-2014, Áætlun = 100




**Kostnaðarframúrkeyrsla opinberra framkvæmda**
mismunur á upphaflega áætluðum kostnaði og raunkostnaði á föstu verðlagi




Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Ársreikningar sveitarfélaganna, Þórður Friðgeirsson - Improvement of the Governance and Management of Icelandic Public Projects

# Nokkur af stærstu sveitarfélögum landsins standast ekki skuldaregluna...

Fjögur af sautján fjölmennustu sveitarfélögunum uppfylla ekki skuldaviðmiðin en nær fjórðungur landsmanna býr í þeim sveitarfélögum. Skuldastaða Reykjanesbæjar og Fljótsdalshéraðs er t.a.m. Það slæm að ólíklegt hlýtur að teljast að þau nái að uppfylla viðmiðin fyrir árslok 2022.

**Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

[1] Draga má þrjá þætti frá heildarskuldum og skuldbindingum.

**Skuldaviðmið A- og B-hluta 17 fjölmennustu sveitarfélagana[1]**




[1]Orkuveita Reykjavíkur er ekki innifalin í skuldaviðmiði Reykjavíkur

Heimildir: Innanríkisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga

# ...og samtals eru 7 sveitarfélög á Íslandi yfir hámarksskuldaviðmiði.




Heimildir: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga

# Fjárhagsstöðu stærstu sveitarfélaganna stillt í fjóra mismunandi flokka

Mikilvægi þess að sveitarfélag sé vel í stakk búið til þess að standa við skuldbindingar sínar er ótvírætt. Eitt lágmarksviðmið eftirlitsnefndarinnar og fjármálareglnanna snýr að veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum. Því hærra hlutfall sem veltufé frá rekstri er af heildartekjum því auðveldara á sveitarfélag með að standa við greiðslur af afborgunum lána án þess að til þurfi aukna lántöku.

Lágmarksviðmið nefndarinnar setur þau skilyrði að ef skuldahlutfall sveitarfélags er 150% þá má veltufé frá rekstri ekki vera lægra en 7,5%.




Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Ársreikningar sveitarfélaganna, Innanríkisráðuneytið

# Allir vilja forðast tossalistann og fá aukið frelsi til starfa

Sveitarstjórnarlög setur sveitarfélögunum fjárhagsleg viðmið um skuldaviðmið og jafnvægi í rekstri og síðan skilgreinir Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga nánar í reglugerð þau viðmið sem lögð eru til grundvallar. Það er enginn skortur á þeim fjölbreyttu viðmiðunum og lykiltölum sem eftirlitsnefndin hefur til hliðsjónar til að meta stöðu sveitarfélaganna.

Helsti munurinn á fjármálareglum sveitarstjórnarlaga og viðmiðunum í reglugerð eftirlitsnefndarinnar liggur í áherslum og sýnileika. Jafnvægisreglan er til dæmis ágætt viðmið en er þó ekki nógu áþreifanleg í núverandi mynd. Það er sérstök hvatning fyrir sveitarstjórnir að forðast lista yfir þau sveitarfélög sem uppfylla ekki lög um fjárhagsleg viðmið og því skapast tækifæri til að auka þrýsting á þau með aukinni umfjöllun.

## Hverjar eru mögulegar afleiðingar þess að ná ekki tökum á rekstri?

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga getur meðal annars:

1. **Birt opinberlega upplýsingar um stöðu og fjárhag sveitarfélaga**
2. Látið fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélags og lagt síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests.
3. Vísa máli til ráðherra sem getur meðal annars:
   - Sett sveitarfélagi skýr fyrirmæli um rekstur og stjórnsýslu
   - Veitt sveitarfélagi styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl
   - Heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn að leggja álag á útsvar og/eða fasteignaskatta sem nemi allt að 25% umfram það hámark sem ákveðið er í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
   - Skipað sveitarfélagi fjárhaldsstjórn
   - Beitt sér fyrir sameiningu sveitarfélags í fjárhagsvanda við nágrannasveitarfélag




Heimildir: Ársreikningar sveitarfélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga

# Höldum við rétt á spöðunum?

1. Staðan í dag: Sveitarfélög mega muna fífil sinn fegri
2. Fjármálaregla sveitarfélaga: Eru viðmiðin fullnægjandi?
3. Sveitarfélögin eru mörg og smá
4. Tillögur efnahagssviðs í þremur skrefum

SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

# Erfið staða sveitarfélaga kallar á breytingar



# Ísland er fámennt land með hlutfallslega mjög mörg sveitarfélög

Meðalíbúafjöldi sveitarfélaganna á Íslandi er mjög lágur miðað við nágranna okkar á Norðurlöndum . Danir hafa álíka mörg sveitarfélög (98) og Íslendingar (74) en meðalíbúafjöldi sveitarfélaganna í Danmörku er 12-falt meiri en á Íslandi.

Reykjavík hefur hlutfallslega mun fleiri íbúa af heildaríbúafjölda en hinar höfuðborgir Norðurlandanna. Ef ekki er gert ráð fyrir höfuðborgunum fækkar meðalíbúafjöldi sveitarfélaga Íslands um 36% en á hinum Norðurlöndin um 9-12%.




Heimildir: Thomas Brinkhoff: City Population

# Ísland svipar til eins landshluta hjá frændum okkar á Norðurlöndunum

Meðalíbúafjöldi landshluta á hinum Norðurlöndunum er umtalsvert hærri en á Íslandi. Þar að auki er höfuðborgarsvæðið á Íslandi langstærsti landshlutinn og jafnframt sá eini sem er yfir meðaltali landsins. Landshlutar í Danmörku eru fáir og fjölmennir og meðalíbúafjöldi þeirra er meira en þrefalt fjölmennari en allt Ísland.

Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi eru þrjú stjórnsýslustig en tvö á Finnlandi og Íslandi.




Heimildir: Thomas Brinkhoff: City Population

# Umfang sveitarfélaga er lítið í norrænum samanburði

Hlutdeild sveitarfélaga í opinberum útgjöldum hér á landi hefur verið um 30% undanfarin ár sem er lágt í norrænu samhengi. Útbreiddur vilji er fyrir hendi á Íslandi að færa verkefni til sveitarstjórnarstigsins.

Sveitarfélögin og millistjórnastigið hjá hinum Norðurlöndunum sjá í meginatriðum um grunnþjónustu við íbúana. Í Danmörku er sveitarstjórnarstigið afar öflugt en stefnt hefur verið að því að koma þar fyrir eins mörgum verkefnum í opinberri þjónustu og mögulegt er.

**Umfang sveitarfélaga af hinu opinbera á Íslandi[1]**
hlutdeild sveitarfélaga í opinberum útgjöldum




[1]Umfang sveitarfélaga jókst nokkuð ört frá 2010 sem rekja má til yfirfærslu á málefnum fatlaðra

**Umfang verkefna og stærð sveitarfélaga**
2012, prósent




Heimildir: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, Hagstofa Íslands

# Sveitarfélögin þurfa að stækka og eflast ef vilji er að færa til þeirra aukin verkefni í líkum mæli og á Norðurlöndunum

| Verkefni á sveitarstjórnarstigi |  |  |
|---|---|---|
| **Málefni fatlaðra** | ✓ | ✓ |
| **Leikskólar** | ✓ | ✓ |
| **Grunnskólar** | ✓ | ✓ |
| **Umsjón með öldruðum** | ✗ | ✓ |
| **Framhaldsskólar** | ✗ | ✓ |
| **Samgöngumál** | ✗ | ✓ |
| **Atvinnumál** | ✗ | ✓ |

Mörg sveitarfélög eru nú þegar í erfiðleikum með sín stærstu verkefni, til að mynda málefni fatlaðra. Setja má stórt spurningamerki varðandi framkvæmd yfirfærslunnar frá ríkinu yfir á sveitarstjórnarstigið.

Miklar áskoranir standa frammi fyrir Íslendingum hvað varðar umsjón með öldruðum. Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast, hlutfall eldri borgara af heildaríbúafjölda vex hratt og kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu mun aukast. Nauðsynlegt er að sveitarstjórnarstigið sé sérstaklega vel í stakk búið að taka á móti þessu verkefni.

Með því að færa framhaldskóla yfir á sveitarstjórnarstigið er hægt að tengja skólastigin betur saman og koma á gagnvirku samstarfi milli þeirra.

Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi

# Er fyrirkomulag málefnis fatlaðra vísir að nýju stjórnsýslustigi?

Málefni fatlaðs fólks fluttist hinn 1. janúar 2011 frá ríki til sveitarfélaga. Samfara yfirfærslunni gengu í gildi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra.

Landinu er skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar. Fámennari sveitarfélög verða að hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk og bera þau þá sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og kostnaði vegna hennar. Þjónustusvæðin fá úthlutuð framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ná einungis til málefna fatlaðs fólks.

**74**
sveitarfélög

**15**
Þjónustusvæði
(staðan 2014)

**Eitt sveitarfélag (5)**
**Eitt ráðandi sveitarfélag (4)**
**Sérstakur rekstrarsjóður í umsjón eins sveitarfélags (2)**
**Byggðasamlag (4)**

**31**
félagsþjónustu-svæði
(staðan 2014)

**Eitt sveitarfélag sér alfarið um sína þjónustu sjálft (14)**
**Eitt sveitarfélag fær tekjur frá öðrum og sér um þjónustu fyrir þau (12)**
**Byggðasamlag annast þjónustu (5)**

## Eru þjónustusvæðin viðbótarstjórnsýslustig?

Alltof mikið flækjustig íslenskrar stjórnsýslu bitnar á gæðum þjónustu og eykur kostnað. Þjónustusvæði málefni fatlaðra er gott dæmi um flókið og óhagkvæmt fyrirkomulag.

Heimildir: Innanríkisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

# Sveitarfélög hafa frekar valið samstarf en sameiningar á síðustu árum

Samstarf milli sveitarfélaga á Íslandi er fjölbreytilegt og flókið. Það eru samtals **328** samstarfsverkefni milli 74 sveitarfélaga.

Þrátt fyrir að sveitarfélög hafi fremur valið samstarf en sameiningu þá eru fleiri en færri sveitarstjórnarmenn á því að sameining sveitarfélaga sé betri kostur en samstarf milli sveitarfélaga .

**Könnun meðal sveitarstjórnarmanna og framkvæmdarstjóra sveitarfélaga (janúar 2016)**

**83%** þeirra sem tóku afstöðu töldu sig ekki geta gróflega áætlað hversu hátt hlutfall af heildarútgjöldum sveitarfélagsins væri varið til samstarfsverkefna.

**53%** svarenda töldu að sameining sveitarfélaga væri betri kostur en samstarf sveitarfélaga. Sé litið til stærðar sveitarfélaga kemur bersýnilega fram að svarendur í þeim minni telja samstarf betri valkost en í þeim stærri eru svarendur hlynntari sameiningu.

**76%** svarenda töldu ekki æskilegt að stofna þriðja stjórnsýslustigið sem sæi um viðamikil samstarfsverkefni.

**Fjöldi samstarfsverkefna sveitarfélaga**
eftir landshlutum




**Samstarfsverkefni sveitarfélaga**




Heimild: Samstarfsverkefni sveitarfélaga - Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2016

# Sveitarfélögum hefur fækkað ört síðan 1990 en dregið hefur úr sameiningum síðustu ár

Sameiningar sveitarfélaga hafa verið í umræðunni allt frá árinu 1943 en þó mest áberandi síðan sameiningarátak Jóhönnu Sigurðardóttur þáverandi félagsmálaráðherra hófst árið 1991. Sveitarfélögin eru í dag 74 og hefur dregið mikið úr sameiningum á síðustu árum.

Efnisleg rök fyrir sameiningum á undanförnum árum má helst nefna hagræðingu, skilvirkni og að styrkja burði sveitarfélaga til að taka yfir verkefni frá ríkinu.

Yfirfærsla á málefnum grunnskólans er líklega besta dæmið um hvetjandi áhrif til sameininga. Kosningar um sameiningar 1993 báru ekki þann þann árangur sem sameiningarsinnar vonuðust eftir en færa má rök fyrir því að með yfirfærslu grunnskólans skömmu síðar hafi fámenn sveitarfélög verið knúin til sameiningar.

Yfirfærsla á málefnum fatlaðra hafði engin áhrif á sameiningar sveitarfélaga þar sem ákveðið var að stofna þjónustusvæði til sinna verkefninu.

**Fjöldi sveitarfélaga á Íslandi**
- þróun síðustu ár




Heimild: Hagstofa Íslands, Sameining sveitarfélaga á Íslandi í 70 ár – Grétar Þór Eyþórsson

# Stærri sveitarfélög ættu að skila aukinni stærðarhagkvæmni, minnka kostnað og skapa svigrúm til að auka þjónustu við íbúa

Stærðarhagkvæmni skilar að jafnaði umtalsverðri framleiðniaukningu. Færri og stærri sveitarfélög gætu betur staðið undir hlutverki sínu en á meðal vænts ávinnings má nefna aukna hagkvæmni í rekstri, aukna sérhæfingu starfsmanna, minni skörun verkefna og gagnsærri stjórnsýslu.

Stjórnsýslukostnaður á hvern íbúa er um 56% lægri í sveitarfélagi sem hefur íbúafjölda yfir 8000 en í sveitarfélagi sem hefur íbúafjölda undir 500.

**Framleiðni vinnuafls eftir stærð fyrirtækja[1]**
Þús. USD á starfsmann, 2010




**Stjórnsýslukostnaður á íbúa eftir stærð sveitarfélags**
Þús. kr. á ári




Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, OECD, Samband íslenskra sveitarfélaga

[1]Meðaltal OECD ríkja

# Bætt þjónusta án aukinna fjárútláta er ekki síður mikilvægur ávinningur sameininga

Með samnýtingu þjónustu má ná fram hagræðingu í rekstri sem býr til aukin tækifæri að veita íbúum betri þjónustu eða fá aðgang að þjónustu sem ekki hefur áður staðið til boða.

Stærri sveitarfélög eiga til að mynda auðveldara með að draga til sín sérhæft, vel menntað og reynslumikið fólk til starfa sem skilar sér í betri gæðum og þjónustu við íbúa.

Áhrif

| Þáttur | Ávinningur | Lýsing |
|---|---|---|
| Þjónusta | Sérhæfing | Aukin verkaskipting og sérhæfing |
| | Fagleg stjórnsýsla | Aukið bolmagn til að uppfylla kröfur stjórnsýslulaga |
| | Gæði | Bætt gæði þjónustu vegna aukinnar þekkingar og samstarfs innan eininga |
| Rekstur | Sveigjanleiki | Aukinn sveigjanleiki til að takast á við áföll í rekstri |
| | Minni bakvinnsla | Lægri kostnaður við bakvinnslu og stoðsvið |
| | Lægri stjórnunar-kostnaður | Lægra hlutfall stjórnenda |

Heimild: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi

# Erfið staða sveitarfélaga kallar á breytingar




## Hver eru hagrænu áhrifin af sameiningu sveitarfélaga?

- ✓ Samanburður milli sveitarfélaga verður auðveldari með færri og stærri félögum. Auðveldari samanburður eykur aðhald við rekstur einstakra sveitarfélaga og dýpkar umræðu um stöðu þeirra.
- ✓ Stjórnsýslukostnaður á íbúa lækkar og framleiðni eykst.
- ✓ Aukin sérhæfing starfsmanna og minni skörun verkefna.
- ✓ Skýrari stjórnsýsla og aukið gegnsæi vegna færri samstarfsverkefna.
- ✓ Hagræðing í rekstri sem býr til aukin tækifæri til að veita íbúum betri þjónustu eða þjónustu sem hefur áður ekki staðið til boða án aukinna fjárútláta.
- ✓ Möguleikar á eflingu sveitarstjórnarstigsins aukast og hægt verður að færa fleiri stór verkefni frá ríki til sveitarfélaga og þar með þjónustuna nær íbúunum.

# Höldum við rétt á spöðunum?

1. Staðan í dag: Sveitarfélög mega muna fífil sinn fegri
2. Fjármálaregla sveitarfélaga: Eru viðmiðin fullnægjandi?
3. Sveitarfélögin eru mörg og smá
4. Tillögur efnahagssviðs í þremur skrefum

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Tillögur efnahagssviðs:

➡ Fyrsta skref: Sameining sveitarfélaga

# Sameining sveitarfélaga stækkar þau og eflir

Sameinum sveitarfélögin á Íslandi svo úr verði níu. Það er mögulegt án þess að breyta núverandi landshlutaskiptingu.

**Sveitarfélög eftir sameiningar**
fjöldi íbúa[1]




**Sameiningar sveitarfélaga**
breyting á fjölda sveitarfélaga




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

[1]332.529 íbúar 1. janúar 2016

# Eftir sameiningu verður sveitarstjórnarstigið einfaldara

- ✓ Flókin samstarfsform sveitarfélaga verða óþörf og rekstur fer fram á hagkvæmari máta.
- ✓ Það verður enginn grundvöllur fyrir þriðja stjórnsýslustiginu, sérhvert sveitarfélag sér alfarið um þjónustu við fatlaða.
- ✓ Forsendur skapast til að leggja niður Jöfnunarsjóð sveitar-félaga.
- ✓ Samanburður milli sveitarfélaga verður marktækari þar sem sveitarfélögin verða áþekkari að stærð og gerð.
- ✓ Tækifæri myndast til að einfalda regluverk og auðveldara verður að hafa eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.



# Tillögur efnahagssviðs:

- Fyrsta skref: Sameining sveitarfélaga
- Annað skref: Betrumbæta núgildandi fjármálareglur

# Betrumbæta núgildandi fjármálareglur

- ✓ Höldum **skuldareglunni**
- ✓ Skiptum út jafnvægisreglunni fyrir **útgjaldareglu**
- ✓ Setjum **strangari skilyrði** um fjármunaflutning milli A- og B-hluta

## Skuldaregla

**Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.**

Draga má þrjá þætti frá heildarskuldum og skuldbindingum. Draga má frá núvirta leiguskuldbindingu frá ríkissjóði vegna hjúkrunarheimila og núvirtar lífeyrisskuldbindingar sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár eða síðar. Sé hreint veltufé jákvætt er einnig heimilt að draga það frá. Þessi frádráttur lýtur þó því skilyrði að hann komi fram í skýringum ársreikninga

## Útgjaldaregla

**Nafnvöxtur útgjalda A-hluta sveitarfélaga að frádregnum vaxtagjöldum vaxi ekki umfram langtíma meðalhagvöxt (2,5%) að viðbættu verðbólgumarkmiði Seðlabankans (2,5%)**

# Betrumbæta núgildandi fjármálareglur

**Útgjaldaregla**

**Nafnvöxtur útgjalda A-hluta að frádregnum vaxtagjöldum vaxi ekki umfram langtíma meðalhagvöxt (2,5%) að viðbættu verðbólgumarkmiði Seðlabankans (2,5%)**




- ✓ Á þensluárunum síðustu jók hið opinbera verulega á þenslu og efnahagslegan óstöðugleika, bæði ríki og sveitarfélög juku útgjöld sín verulega.
- ✓ Útgjaldavöxtur sveitarfélaga á þensluárunum síðustu var 64%, en hefur verið heldur minni í núverandi hagvaxtarskeiði eða 38%.
- ✓ Vöxturinn var einkum mikill á góðæristímanum, þannig jukust útgjöld sveitarfélaga samfara auknum skatttekjum. Útgjaldaregla hefði því stuðlað að auknu aðhaldi á tímum mikillar þenslu og unnið gegn efnahagslegum óstöðugleika.

Með útgjaldareglu hefði böndum verið komið á vöxt opinberra útgjalda á tímum góðæris og þannig stuðlað að auknu aðhaldi á tímum mikillar þenslu og unnið gegn efnahagslegum óstöðugleika.

Heimild: Útreikningar efnahagssviðs

# Tillögur efnahagssviðs:

- Fyrsta skref: Sameining sveitarfélaga
- Annað skref: Betrumbæta núgildandi fjármálareglur
- Þriðja skref: Með stærri og öflugri sveitarfélög er unnt að færa fleiri verkefni yfir á sveitarstjórnarstigið

# Stærri og öflugri sveitarfélög er betur til þess fær að taka við fleiri verkefnum



| Verkefni á sveitarstjórnarstigi | Ísland | Norðurlönd |
|---|---|---|
| **Málefni fatlaðra** | ✓ | ✓ |
| **Leikskólar** | ✓ | ✓ |
| **Grunnskólar** | ✓ | ✓ |
| **Umsjón með öldruðum** | ✓ | ✓ |
| **Framhaldsskólar** | ✓ | ✓ |
| **Samgöngumál** | ✓ | ✓ |
| **Atvinnumál** | ✓ | ✓ |



# Efnahagssvið SA

Ásdís Kristjánsdóttir
Forstöðumaður efnahagssviðs
asdis@sa.is
sími: 591-0080

Óttar Snædal
Hagfræðingur á efnahagssviði
ottar@sa.is
sími: 591-0082

Ólafur Loftsson
Viðskiptafræðingur á efnahagssviði
efnahagssvid@sa.is
sími: 591-0000

Ólafur Garðar Halldórsson
Hagfræðingur á efnahagssviði
olafur@sa.is
sími: 591-0081

Tryggvi Másson
Viðskiptafræðingur á efnahagssviði
tryggvi@sa.is
sími: 591-0000

https://twitter.com/efnahagssvidSA/